



# Áherstur í málörvun og læsi fyrir foreldra

LÆSISSTEFNA LEIKSKÓLANNA Á AKRANESI

Hlustun



Orðaforði og  
málskilningur



Máltjáning



Stafabekking




Hljóðkerfisvitund

# Áherslur í málörvun og læsi fyrir foreldra

Starfshópur um læsi í leikskólum á Akranesi vann sameiginlegar áherslur í málörvun og læsi fyrir leikskólabörn á Akranesi. Í starfshópnum voru sérkennslustjórar leikskólanna Guðrún Bragadóttir frá Akraseli, Ingunn Sveinsdóttir frá Garðaseli, Valdís Sigurðardóttir og Íris Guðrún Sigurðardóttir frá Teigaseli og Vilborg Valgeirsdóttir frá Vallarseli. Að auki veitti Bergrós Ólafsdóttir Glad, talmeinafræðingur, starfshópnum ráðgjöf.

Ákveðið var að skipta markmiðum og leiðum eftir aldurshópum og hafa þær einfaldar og skýrar fyrir starfsfólk, foreldra og aðra sem koma að vinnu með börnum á leikskólaaldri.

Góður málproski leggur grunn að lestrarnámi og læsi. Í heftinu hér á eftir er farið yfir fimm meginþætti sem allir stuðla að auknum málproska og góðum undirbúningi fyrir lestrar-nám. Listinn er að sjálfsgöðu ekki tæmandi og sífellt bætist við aðgengilegt kennsluefni sem foreldrar geta nýtt sér. Mælt er með að unnið sé með eftirfarandi þætti bæði heima og í leikskólanum, en samvinna foreldra og skóla getur skilað miklum árangri.



# Hlustun

Hlustun felur í sér færni í að geta staldrað við, hlustað og einbeitt sér að því að túlka umhverfishljóð og talmál. Hún er undirstaða málskilnings, máltjáningar og viðeigandi boðskipta. Það þarf að kenna börnum að hlusta og örva þau frá fyrstu tíð. Það er gert með því að tala við þau og lesa fyrir þau.

## Áhersluatriði:

## Leiðir:

Hlustun



- Láta barnið hlusta á sögur og lestur daglega
- Virkja og nýta áhugasvið barnsins
- Gefa barninu fyriræli til að fara eftir
- Hlusta á tónlist
- Vinna með boðskipti, þ.e. að bíða, sitja, hlusta og skiptast á

## Námsefni:

- Bækur og hljóðritað efni, s.s. barnaleikrit og söngvar
- Fá börn til að hjálpa til og fara þannig eftir fyriræli
- Ýmsir barnasöngvar, vísur og tónlist

### Aukalega fyrir börn 1 til 3 ára

- Bókin *Bína bálreiða* - í henni er fjallað um boðskipti
- Harðspjaldabækur fyrir börnin til að fletta sjálf
- Ýmsar orðaforðabækur fyrir yngstu börnin

### Aukalega fyrir börn 3 til 4 ára

- Bókin *Bína bálreiða* - í henni er fjallað um boðskipti
- Spjaldtölva, t.d. smáforritið *Orðagull*
- Fyriræli, s.s. flöskustútur, búðarleikur, Jósep segir o.s.frv.
- Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias* og bingó spil með myndum

### Aukalega fyrir börn 4 til 6 ára

- Nýta staði og hluti sem eru í umhverfi barnsins til að spjalla um
- Spjaldtölva, t.d. smáforritið *Orðagull*
- Fyriræli, s.s. flöskustútur, búðarleikur, Jósep segir o.s.frv.
- Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias* og *Alias Junior/Krakka Alias*
- Fara í veiðimann og bingó, gera það erfiðara með því að spyrja hver á.... og lýsa því sem er á spjaldinu

# Orðaforði og málskilningur

Orðaforði er safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu. Greinarmunur er gerður á virkum og óvirkum orðaforða. Virkur orðaforði samanstendur af þeim orðum sem einstaklingurinn notar, en í óvirka orðaforðanum er að finna þau orð sem einstaklingurinn þekkir og skilur þegar hann rekst á þau. Orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál. Börn sem hljóta mikla málörvun heima fyrir með lestri eða samtölum við fullorðna fá aukinn og ríkari orðaforða en þau börn sem ekki fá sömu hvatningu.

## Áhersluatriði:

## Leiðir:

Orðaforði  
og málskilningur



- Lesa daglega fyrir barnið
- Velja fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska barnsins
- Taka ný orð úr lestexta og útskýra
- Spyrja börnin spurninga úr textanum, draga ályktanir og fá þau til að geta sér til
- Gefa yngstu börnunum fjölbreytt tækifæri til að upplifa með því að snerta, meðhöndla, sjá og hlusta
- Vera dugleg að spjalla við barnið og fylgja frumkvæði þess með því að tala um það sem barnið hefur áhuga á
- Leggja sig fram um að nota fjölbreyttan orðaforða í daglegu tali og setja orð á það sem þið eruð að gera

## Námsefni:

- Bækur og fjölbreytt lestrarefni sem hæfir þroska og aldri barns
- Myndasöfn og sögur á vefnum *Orðaleikur* (gefið út af miðstöð skólaþróunar)

### Aukalega fyrir börn 1 til 3 ára

- Nýta staði og hluti sem eru í umhverfi barnsins til að spjalla um
- Harðspjaldabækur fyrir börnin til að fletta sjálf
- Ýmsar orðaforðabækur fyrir yngstu börnin
- Spil, t.d. bingó og samstæðuspil

### Aukalega fyrir börn 3 til 4 ára

- Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias*, bingó, samstæðuspil og veiðimaður
- Spjaldtölva, t.d. smáforritið *Orðagull*

### Aukalega fyrir börn 4 til 6 ára

- Spil, t.d. *Mitt fyrsta Alias* og *Alias Junior/Krakka Alias* og *Krakka segðu*
- Spjaldtölva, t.d. smáforritið *Orðagull*
- *Orðaforðalisti* - hefti gefið út af Menntamálastofnun

# Máltjáning

Máltjáning er færni til að setja orð á hugsanir sínar á skipulegan hátt. Flétta þarf saman orðaforða, málfræði og framburði til þess að úr verði ein skiljanleg heild. Máltjáningin er mikilvægur þáttur í málþróun barns og einn af undirstöðubáttum lesskilnings. Sérstaklega er mælt með að vinna markvisst með djúpan og flóknari orðaforða sem dýpkar lesskilning bæði í töluðu og rituðu máli.

## Áhersluatriði:

## Leiðir:

### Máltjáning



- Gott er að nýta matmálstíma, kvöldrúttínu og aðrar samverustundir þar sem hægt er ná góðri athygli barnsins
- Nota opnar spurningar, hver, hvar, hvernig, af hverju o.s.frv.
- Hvetja börn til þess að tjá sig og búa til aðstæður þar sem þau þurfa að tjá sig. Það er gert t.d. með því að veita ekki of góða þjónustu og láta börn biðja um hlutina
- Syngja og kenna barninu barnasöngva
- Setja orð á allt sem þið gerið og vera dugleg að spjalla við börnin
- Hvetja barnið til að segja frá t.d. deginum í leikskólanum

## Námsefni:

- Bækur - gott er að velja bækur út frá áhugasviði barnsins
- Nýta staði og hluti sem eru í umhverfi barnsins til að spjalla um
- Skoða myndir úr leikskólanum með barninu, inn á heimasíðu leikskólans eða Karellen-svæðinu
- Tónlist, s.s. söngvar og sönghefti með barnavísu og lögum

# Hljóðkerfisvitund

Hljóðkerfisvitund er hugtak sem sameinar mörg viðfangsefni sem tengjast þeim hljóðum sem við heyrum í kringum okkur og hljóðum sem við heyrum í töluðu máli. Hljóðkerfisvitund er tilfinning og næmi einstaklings fyrir uppbyggingu tungumáls, færnin að geta hugsað og talað um hljóðkerfi málsins. Góð hljóðkerfisvitund er forsenda þess að barn geti skilið tengsl á milli bókstafa og hljóða og geti lesið úr bókstafatáknum.

## Áhersluatriði:

## Leiðir:

### Hljóðkerfisvitund



- Læra hreyfingarnar úr bókinni *Lubbi finnur málbein*
- Klappa takt í orðum
- Leika sér með bullurím
- Dýrahljóð, skoða bækur og herma eftir
- Kenna vísur og romsur. Einnig klappa og slá takt
- Lesa bókina *Lubbi finnur málbein* og æfa hreyfingarnar
- Gott að byrja á þeim stöfum sem barnið hefur áhuga á

### Aukalega fyrir börn 3 til 4 ára

- Kenna rím og romsur, klappa takt og samstöfur (atkvæði)
- Skoða stafi og hljóð og nýta áhuga barnanna, t.d. með því að kenna þeim fyrsta staf í nafni fjölskyldumeðlima. Bæði heiti stafsins og hvaða hljóð hann segir

### Aukalega fyrir börn 4 til 6 ára

- Kenna rím og romsur, klappa samstöfur (atkvæði)
- Skoða stafi og hljóð, greina fyrsta og seinasta hljóð í orði

## Námsefni:

- Bækur með vísur og rímsögum
- *Lubbi finnur málbein* - bókin
- Hljóðabingó

### Aukalega fyrir börn 3 til 4 ára

- Spilastokkarnir *Ljáðu mér eyra*

### Aukalega fyrir börn 4 til 6 ára

- *Lærum og leikum með hljóðin* - bók, sjónvarpsefni og smáforrit

# Stafabekking og ritun

Einn af undirstöðupáttum lesturs er stafabekking. Það að hafa góða þekkingu á bókstöfum og máhljóðum þeirra er forsenda fyrir því að ná árangri í lestri. Hljóðaaðferð er lestrar-kennsluaðferð þar sem bókstöfum er breytt í hljóð og orð. Áður en börn fara að draga til stafs er mikilvægt að þau hafi vald á skriffærum. Það er því mikilvægt að vinna einnig með grip um skriffæri og færni við að beita þeim áður en börn fara að skrifa stafi.

## Áhersluatriði:

## Leiðir:

### Stafabekking og ritun

AZ

- Hvetja börn til að teikna og nota skriffæri

#### Aukalega fyrir börn 3 til 4 ára

- Teikna og lita
- Flokka og para stafi á fjölbreyttan máta og búa til stafi úr leikefni

#### Aukalega fyrir börn 4 til 5 ára

- Vinna með rétt grip um skriffæri
- Spora og tengja með skriffærum, draga línu á milli punkta
- Skrifa stafi eftir forskrift
- Flokka og para stafi á fjölbreyttan máta og búa til stafi úr leikefni

#### Aukalega fyrir börn 5 til 6 ára

- Spora og tengja með skriffærum
- Skrifa stafi og orð, með eða án forskriftar

## Námsefni:

- Hafa gott aðgengi að litum og blöðum
- Bókstafir sem leikefni

#### Aukalega fyrir börn 3 til 4 ára

- Gott að hafa breiðari liti fyrir yngri börnin
- Leir og kubbar svo hægt sé að búa til stafi

#### Aukalega fyrir börn 4 til 6 ára

- Ýmsar þrautabækur og litabækur
- Bókstafir sem leikefni og til forskriftar
- Leir og kubbar til að búa til stafi





**Umbrot og útlit: Unnur Jónsdóttir**

**LÆSISSTEFNA AKRANESKAUPSTAÐAR 2020**